

Nd.

226. Nefndarálit

[113. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á þremur fundum og kynnt sér það rækilega. Á fundi hjá nefndinni mættu Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Hjörtur Torfason hrl. og Garðar Ingvarsson hagfræðingur. Jóhannes Nordal er formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og auk þess formaður stjórnar Landsvirkjunar. Hjörtur og Garðar hafa unnið með viðræðunefndinni að breytingum á álsamningnum. Einnig mættu hjá nefndinni formaður og framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, ásamt Vilhjálmi Lúðvíkssyni efnaverkfræðingi. Ragnar Halldórsson framkvæmdastjóri Ísals hf kom einnig til viðtals við nefndina. Ofan nefndir aðilar svöruðu greiðlega fyrirspurnum, sem fram komu.

Nefndin gerði fyrirspurnir um hreinsitæki og mengun frá álbræðslunni. Bréf barst undirritað af formanni og framkvæmdastjóra Ísals hf. um það mál og þykir rétt að prenta það með nefndarálitinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Vilborg Harðardóttir lýsti sig andvíga frumvarpinu.

Alþingi, 18. des. 1975.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Ingvar Gíslason.	Benedikt Gröndal.

Fylgiskjal.

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Hr. alþingismaður Ingólfur Jónsson,
formaður iðnaðarnefndar neðri deildar,
Alþingi.

17. desember 1975.

Í tilefni af fyrirspurnum yðar varðandi aðgerðir til hreinsunar á útblæstri frá kerskálum áliðjuversins í Straumsvík leyfum vér oss hér með að staðfesta eftirfarandi:

1. Umræður og athuganir um það málefni, hvaða aðgerða væri þörf í ofangreindu tilliti, hafa staðið nær samfelt frá því að framkvæmdir hófust við áliðjuverið á grundvelli aðalsamningsins frá 1966, og einkum eftir að síðari kerskáli þess var tekinn í notkun haustið 1972. Af hálfu Íslenska álfélagsins hf. (ISAL) hefði þá verið tekin upp samvinna við íslenska uppfinningamanninn Jón Þórðarson um að fá úr því skorið, hvort hreinsitæki, sem hann hafði fundið upp, mundu henta til hreinsunar á útblásturslofti frá kerskálum áliðjuversins. Hófst sú samvinna á árinu 1971, og í marsmánuði 1973 var svo komið, að búið var að koma upp hreinsitæki, ásamt tilheyrandi tilraunabúnaði, á þak kerskála I í Straumsvík til prófunar á virkni þessarar hreinsiaðferðar. Með bréfi dags. 28. mars 1973 til heilbrigðis- og tryggingaráðherra, sem þá var jafnframt ráðherra iðnaðarmála, lýsti ISAL því yfir, að sett yrðu upp hreinsitæki í Straumsvík, í framhaldi af þeim tilraunum, sem þá voru hafnar þar. Tilraunirnar stóðu yfir á annað ár, og fylgdist Heilbrigðiseftirlit ríkisins með þeim allan tímann. Þær báru þó ekki þann árangur, sem vænst hafði verið, og með bréfi dags. 9. október 1974 var heilbrigðisráðuneytinu tilkynnt, að tilraunum með tæki Jóns Þórðarsonar hefði verið hætt af ástæðum, sem þar voru nánar greindar. Hins vegar væri nú ráðgert að setja upp svokölluð þurrhreinsitæki í kerskálunum að viðhöfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Var jafnframt ítrekuð sú yfirlýsing félagsins, að hreinsitæki yrðu sett upp og því verki hraðað svo sem tæknilegar ástæður mundu leyfa.
2. Lokaskýrsla um tilraunir með hreinsitæki Jóns Þórðarsonar var send Heilbrigðiseftirliti ríkisins með bréfi dags. 21. nóvember 1974, og á fundi með fulltrúum þess og Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar hinn 25. s. m. var lögð fram bráðabirgðaskýrsla um uppsetningu þurrhreinsitækja (Project Study — Dry Adsorption), er Alusuisse hafði unnið að beiðni ISAL. Var óskað eftir því á fundinum, að látið yrði í ljós álit þessara aðila um það, hvort þurrhreinsitæki þau, sem lýst var í skýrslunni, mundu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar væru af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins varðandi loftmengunarvarnir við áliðjuverið. Beiðni þessi var sjðan ítrekuð með bréfi dags. 2. janúar 1975. Var henni svarað á þá leið með bréfi Heilbrigðiseftirlitsins hinn 20. s. m., að málið væri í athugun. Hjá ISAL var haldið áfram að vinna að framgangi málsins, og með bréfi hinn 11. júní 1975 var Heilbrigðiseftirlitinu send endurskoðuð framkvæmdaáætlun um uppsetningu þurrhreinsitækja ásamt framvinduskýrslu gefinni á stjórnarfundi ISAL í maí 1975. Voru upplýsingar þessar sendar í framhaldi af fundi, sem haldinn var í lok aprilmánaðar með fulltrúa Heilbrigðiseftirlitsins, en þar kom fram, að tækin mundu væntanlega teljast fullnægjandi.
3. Framkvæmdaáætlun ISAL um þurrhreinsitækin gerði ráð fyrir því, að unnið yrði að hönnun á kerþekjum og tilraunum með þær á tímabilinu apríl 1975—júní 1976. Síðan yrði hafist handa um endanlega hönnun kerfisins í heild, útboð, smíði, uppsetningu og gangsetningu tækja, og yrði þessu að fullu lokið í árslok 1978. ISAL hefur unnið eftir þessari áætlun á undanförunum mánuðum, og er hönnun og smíði á tilraunþekjum nú lokið og uppsetning þeirra hafin. Jafn-

- framt stefnir ISAL enn að því að ljúka uppsetningu tækjanna samkvæmt þessari áætlun. Taka ber þó fram í því sambandi, að hér er um stórkostlega fjárfrekt fyrirtæki að ræða (heildarkostnaður er kr. 2 200 milljónir samkv. núverandi áætlun), og getur hraði framkvæmda orðið háður því, að lánsfé fái til þeirra.
4. Umbeðin formleg umsögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins um þurrhreinsitækni hefur ekki borist að svo stöddu. Hins vegar hefur Heilbrigðiseftirlitið lagt fram tillögur um tiltekna útblástursstaðla, sem það hefur undirbúið að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og Heilbrigðismálaráð Hafnarfjarðar, og eru þeir staðlar nú til umræðu við Heilbrigðiseftirlitið. Hin fyrirhuguðu þurrhreinsitæki eru fullkomnasti búnaður, sem völ er á yfirleitt til hreinsunar á útblæstri áliðjuvera. Er því engin ástæða til þess að ætla annað en að fyllsta samkomulag geti orðið við heilbrigðisyfirvöld um uppsetningu og rekstur tækjanna.
 5. Í samningum ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um annan viðauka við aðalsamning þeirra frá 28. mars 1966, sem nú liggur fyrir Alþingi til staðfestingar, er kveðið á um heimild handa ISAL til að stækka áliðjuverið í Straumsvík með lengingu á kerskála II, eða sem svarar aukningu um 1/7 hluta (20 MW, 10 000 árstonn) á núverandi afkastagetu. Er notkun þessarar heimildar háð því skilyrði af hálfu ISAL, að stækkunin geti talist fjárhagslega verjandi á þeim tíma, þ. e. til ársloka 1979. Fari svo, að þessi heimild verði notuð, er fyrirhugað að hafa umrædda viðbót kerskálans búna fullkomnum hreinsitækjum frá öndverðu, og staðfestir ISAL það hér með, í samræmi við skilning aðilanna meðan á samningaviðræðum stóð.

Virðingarfyllst,
ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Halldór H. Jónsson.
Ragnar S. Halldórsson.